

Byltingarárin 1945–1970

Hér gefur að líta ljóðið „Var þá kallað“ eftir **Snorra Hjartarson** og útdrátt úr þjóðsögunni um Árna Oddsson. Verkefnið er á eftir ljóðinu.

Var þá kallað

Dómhringinn sitja ármenn erlends valds,
enn ráðast mikil forlög smárrar þjóðar,
vorsól úr skýi vitjar kletts og tjalds,
á völlinn þyrpast sveitir kvíðahljóðar.

Eitt nafn er kallað, flögrar fugl í leit
og felur ljósan væng í dökku bergi
og vekur dvergmál djúp og löng og heit:
hvað dvelur för hans? ennþá sést hann hvergi.

Aftur er kallað, aftur sami kliður
ögrandi spurnar: verður hann of seinn
hinn langa veg, senn lýkur hinsta fresti.

Við horfum austur hraun og bláar skriður,
horfum sem fyrr en sjáum ekki neinn
sólbitinn mann á sveittum mjóum hesti.
(1951)

Verkefni:

- Byrjaðu á því að endursegja nákvæmlega hvert erindi ljóðsins með þínum orðum.
- Hvert er umhverfi ljóðsins – hvar er ljóðið sviðsett?
- Gerðu grein fyrir sjónarhorni ljóðsins með áherslu á síðasta erindið.
- Nokkuð er um liti í ljóðinu – hvaða litir?
- Stílbragðið andstæður er áberandi – hvar og hverjar?
- Annað stílbragð – vísun – er mikilvæg í skilningi og túlkun á ljóðinu. Útskýrðu vísunina og hafðu útdráttinn úr þjóðsögunni þér til hjálpar.
- Útskýrðu ádeiluna í ljóðinu með tilliti til ritunartíma þess (1951). (Tengdu líka ádeilu við vísun.)
- Er ljóðið hefðbundið eða óhefðbundið? Rök.

Bónus: Útskýra bragarhátt ljóðsins.

Útdráttur úr Þjóðsögunni um Árna Oddsson

Sagan gerist á 17. öld, nánar tiltekið fyrir 1620. Þá var í Skálholti Oddur Einarsson biskup. Hann á son sem Árni hét. Hann var lærður lögmaður og þótti afar duglegur og glöggur maður. Oddur biskup og höfuðsmaður Dana á Íslandi, Herluf Daa, voru miklir óvinir og reyndu að koma höggi hvor á annan ítrekað. Oddur sakaði höfuðsmann m.a. fyrir að hafa leyft hjónaband þrímenna án konungs vitundar og höfuðsmaður sakaði biskup fyrir að leyfa ekki fátækra manna börnum að koma í skóla í Skálholti. Biskupi sárnaði ásakanir höfuðsmanns og sendi son sinn, Árna, til Danmerkur til að standa fyrir sínum málum móti Herlegdáðinni eins og Íslendingar kölluðu hinn danska höfuðsmann.

Árni dvaldi í Danmörku allan veturinn og um sumarið komu erindrekar konungs til að dæma í málinu. Var Árna stefnt til Íslands til að standa fyrir máli föður síns. Hann reyndi að fá far heim með kaupskipum en Herluf Daa hafði bannað öllum að flytja Árna heim svo tvísýnt var um að hann kæmist. Hann reikaði í örvilnan sinni með ströndinni við Kaupmannahöfn og kom þar að báti einum. Kallaði hann til manns um borð og bað hann að flytja sig til Íslands.

Meðan á þessu stóð var alþingi sett. Oddur biskup hafði miklar áhyggjur af syni sínum því hann var ekki kominn. Svo byrjaði þingið og mál Odds biskups og höfuðsmanns var á dagskrá. Var þá kallað á Árna tvisvar með stundar millibili. En enginn Árni kom. Þá bað Oddur biskup um hlé, gekk upp á Almannagjá og svipaðist um eftir syni sínum.

Árni hvatti farmanninn sem hann gat og fór skútan mjög hratt, fleytti kerlingar, fannst Árna. Hann kom á land í Vopnafirði og þá átti hann eftir að ríða alla leið á Þingvelli. Hann keypti sér úrvalshesta tvo og að loknum deginum hafði hann sprengt annan þeirra og gert hinn staðuppgefinn. Í Jökuldal bað hann um aðra hesta. Var honum þá vísað á bæ einn þar sem til var hestur sem þótti betri en aðrir. Hann var óþreytandi og þurfti aðeins vatn að drekka til að geta haldið áfram. Hesturinn var brúnn að lit, mjór sem þvengur og sívalur. Nú var slegið í klárinn og hvergi gefið eftir.

Víkur þá sögunni aftur til Þingvalla. Oddur biskup stendur uppi á Almannagjá og svipast um eftir syni sínum. Sér hann þá jóreyk mikinn og var greinilegt að hér fór maður geyst. Þá vissi hann að Árni væri að koma. Gekk Oddur niður að þingstað og var þá kallað nafn Árna í þriðja sinn. Hljóðið var vart dáíð út er Árni svaraði, hann var þá kominn á Brún sem var eitt moldarstykki að sjá og stóð reykjarstrokan úr nösnum hans. Árni færði fram svo ágæta vörn í málum föður síns að hinir konunglegu erindrekar dæmdu Herluf frá embætti með smán og feðgana sýkna saka. Árni hlaut af þessu mikla virðingu og varð lögmaður sunnan og austan á Íslandi. Brúnn er talinn besti hestur á Íslandi.

(Söguna má finna í II. bindi Þjóðsagna Jóns Árnasonar bls. 124–126)